

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2001

frá 19. júní 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2001 frá 31. janúar 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/104/EB frá 22. desember 1999 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 81/852/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klínískar prófanir á dýralyfjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (tilskipun ráðsins 81/852/EBE) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0104:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/104/EB frá 22. desember 1999 (Stjtið. EB L 3, 6.1.2000, bls. 18).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 66, 8.3.2001, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 3, 6.1.2000, bls. 18.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/104/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.